STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1975

23. maí 1975. 397 Nr. 206.

AUGLÝSING

um niðurfellingu söluskatts af nokkrum tegundum matvöru.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að nýta heimild í 22. gr. laga nr. 11 frá 28. apríl 1975 til að fella niður söluskatt frá og með 1. maí 1975 af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 6/1974 um tollskrá og fleira:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
07.01.20	Tómatar
07.01.31	Laukur
07.01.39	Annað nýtt grænmeti
08.01.10	Bananar, nýir
08.01.30	Ýmsir ávextir, nýir
08.02.10	Appelsínur, tangarínur, mandarínur og klementínur
08.02.21	Sítrónur
08.02.29	Aðrir citrusávextir
08.03.10	Fíkjur, nýjar
08.04.10	Vínber, ný
08.05.00	Hnetur, nýjar
08.06.10	Epli
08.06.20	Perur og kveður
08.07.00	Steinaldin, ný
08.08.00	Ber, ný
08.09.01	Melónur
08.09.09	Aðrir nýir ávextir
09.01.11	Kaffi í smásöluumbúðum
09.01.12	Kaffi í öðrum umbúðum
09.02.00	Te
18.05.01	Kakaoduft, ósykrað í smásöluumbúðum
18.05.09	Kakaoduft, ósykrað í öðrum umbúðum
18.06.01	Kakaoduft, sykrað
19.07.00	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta
19 08.00	Kökur, kex og aðrar iburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaoi enda innihaldi vörur þessar minna en 20% af þunga af súkkulaði.
21.02.10	Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði, og vörur úr þessum efnum
21.02.20	Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða mate og vörur úr þessum efnum.

Niðurfelling söluskatts tekur jafnt til innlendrar framleiðslu er félli undir ofangreind tollskrárnúmer sem innflutnings.

Undanþágur skv. auglýsingu þessari taka þó ekki til sölu þessara vara í veitingahúsum, greiðasölustöðum, smurbrauðsstofum og öðrum hliðstæðum sölustöðum

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

né heldur til sölu vara, sem unnar eru úr þessum vörum. Sælgæti eða súkkulaðikex, sem yfirleitt er selt í stykkjatali, er ekki heldur undanþegið, þótt súkkulaðiinnihald þess sé undir framangreindum mörkum.

Smásöluverslanir, sem selja bæði söluskattfrjálsar og söluskattskyldar vörur skulu halda innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum aðgreindum í bókhaldi eins og nánar er ákveðið í reglugerð fjármálaráðuneytisins 30. apríl 1975 um það efni. Þær verslanir, sem eiga birgðir af áður nefndum vörum í byrjun maímánaðar 1975 og njóta vilja frádráttar frá heildarveltu vegna þeirra við söluskattsuppgjör fyrir þann mánuð, skulu senda skattstjóra birgðaskrá með söluskattskýrslu fyrir maímánuð.

Þeir aðilar, sem selja söluskattfrjálsar vörur til endurseljenda skulu halda þeirri sölu aðgreindri frá annarri sölu á sölureikningum.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 145 frá 30. apríl 1975 og auglýsingar um breyting á auglýsingu nr. 145 frá 30. apríl 1975.

Fjármálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 207. 23. maí 1975.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum lyfjum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að beita heimild í 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 og fella niður tolla af eftirtöldum lyfjum:

A. Lyfjum sem falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00.
B. Sérlyfjum sem skráð eru á sérlyfjaskrá.
C. Óskráðum sérlyfjum sem falla undir tollskrárnúmer 30.03.09 og flutt eru til landsins með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

2. gr.

Lyf fær því aðeins tollmeðferð samkvæmt framanskráðu, að við tollafgreiðslu liggi fyrir staðfesting Lyfjaeftirlits ríkisins með áritun á vörureikning, að um lyf upptalið í A, B eða C-lið 1. gr. sé að ræða.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 20, nr. 206—207. Útgáfudagur 26. maí 1975.